



Reykjavík 27. mars 2023

MSS23010302

## UMSÖGN

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Sendandi: Sólveig Ólafsdóttir

### Umsókn um styrk úr borgarsjóði – Snorraverkefnið

Skrifstofa borgarstjórnar óskar eftir umsögn alþjóðafulltrúa skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna umsóknar Snorraverkefnis um styrk úr borgarsjóði.

#### Snorraverkefnið - lýsing

Samkvæmt umsókninni lýtur Snorraverkefnið að því að veita ungu fólki (20-30 ára) af íslenskum ættum í Norður-Ameríku tækifæri til að kynnast rótum sínum á Íslandi í 5-6 vikna sumarverkefni. Um er að ræða tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sérstök áhersla er lögð á íslenskukennslu, menningar- samfélags- og fræðslu. Lögð er áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi svo að þeir kynnist landi og þjóð á dýpri hátt. Í lokin er farið í vikulanga landkynningarferð um náttúru Íslands.

Megintilgangur með verkefninu er að stuðla að því að flytja á milli kynslóða íslenska menningararfinn sem hefur mótast í áranna rás meðal afkomenda íslensku landnemanna í Vesturheimi og annarra Norður Ameríkubúa af íslenskum ættum. Saga síðustu tuttugu ár hefur sýnt að með þátttöku í Snorraverkefninu kynnist unga fólkið daglegu lífi og menningu hér á landi, myndar órjúfanleg tengsl við land og þjóð sem við teljum að sé ein af forsendum þess að saga Vesturfaranna og tengsl við afkomendur Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku haldi áfram.

Dvalið er í 2 vikur í Reykjavík þar sem boðið er upp á menningar- og fræðsludagskrá. Skipuleggjendur taka fram í umsókn sinni að verkefnið hefur fengið styrk frá borgarsjóði Reykjavíkurborgar vegna Snorraverkefnisins síðustu ár. Styrkurinn hefur nýst t.a.m. við greiðslu á íslenskukennslu þátttakenda, ferðum innan höfuðborgarinnar, til aðgangs á söfn og í dagsferð um Þingvelli og nágrenni. Tekið er fram í umsókn að verkefninu sé afar mikilvægt